

Dalabyggð
Kristján Sturluson, sveitastjóri
Miðbraut 11
370 Búðardal

Ísafirði 11.september 2019

Boð á fjórða haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vestfjarðarstofu.

Með vísan til 10. greinar samþykktar stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga er hér með boðið á haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Þingið verður haldið föstudaginn 25. og laugardaginn 26. október 2019 í félagsheimilinu á Hólmavík. Umfjöllunarefni þingsins er samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum, sóknaráætlun Vestfjarða og svæðisskipulag ásamt Fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 og breytingar á samþykktum FV.

Dagskrá þingsins verður ákveðin þegar nær dregur þinginu og verður hún sett á vefslóðina <https://www.vestfirdir.is/is/moya/page/haustthing-2019> þegar hún verður tilbúin ásamt öðrum gögnum er varða þingið. Miðað er við að þingið hefst með léttum morgunverði og skráningu kl.10:30 og verður þingið sett kl. 11.00 á föstudeginum 25. október með framlagningu fjárhagsáætlunar 2020.

Vinsamlega látið okkur vita á póstfangið lina@vestfirdir.is ef þið sjáið ykkur fært að mæta.

Einnig er hægt að skrá sig á þingið á heimasíðu Vestfjarðastofu <https://www.vestfirdir.is/is/moya/formbuilder/index/index/skraning-a-4-haustthing-2019>

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri

